

## Hverfisráð Hríseyjar

55. fundur.

Fimmtudaginn 19.maí 2011 kl. 17:00 var 55. fundur Hverfisráðs Hríseyjar haldinn í Hlein  
Mætt voru: Kristinn F. Árnason, Þröstur Jóhannsson og Guðrún Þorbjarnardóttir.

**Hreinsunardagur:** Ákveðið að halda hin árlega hreinsunardag 28.maí nk. í von um að það verði snjólétt, en frekar hráslagalegt er núna til að hreinsa, snjór og bleyta.

**Ýmis málefni Hríseyjar:** Atvinnumál voru rædd frá ýmsum hliðum og ýmislegt rætt sem mætti vera betra og því fagnað sem komið er. Verslunarmál hafa verið hér í ólestri síðan fyrir páska, en þá lokaði verslunin og er þetta mjög hvítleitt fyrir íbúa eyjarinnar og þá sérstaklega fyrir eldri íbúana. Miklar líkur eru til þess að búð verði opnuð á nýjanleik öðru hvoru megin við næstu mánaðarmót.

**Hjartastuðtæki í sundlaug.** Nauðsynlegt er að hjartastuðtæki sé staðsett í sundlauginni en svo er ekki. Hjartastuðtækið sem til er í eyjunni er staðsett í björgunarskýli og er nokkuð ljóst að það gerir lítið gagn ef eitthvað kemur fyrir í sundlaug og eins ef það tæki væri staðsett í sundlaug þá tæki allt of langan tíma til að útvega lykila til að opna sundlaug til að ná í tækið á lokunartíma hennar. Enda var tækið gjöf til Hríseyinga á sínum tíma í tilefni 120 ára afmælis Sparisjóðs Svarfdæla. Formanni falið að beina þessum óskum til yfirmanna sundlaugar.

**Önnur mál.** Nauðsynlegt er að ruslatunnur verði staðsettar við hamstrahjól en borið hefur á því að mikið rusl er skilið þar eftir. Einnig er svo brýnt að setja einhverskonar hraðahindrun við gatnamót hjá búð, þ.e.a.s gatnamót Norðurvegur, Hafnargötu og Lárubrekku. Svo hefur verið kvartað yfir því að keyrt sé of mikið niður stíg hjá sundlaug. Þar þarf að koma skilti sem er merkt “Eingöngu til vörulósunar”. Formanni falið að koma ofangreindum málum til þess er málin varða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

Kristinn Árnason formaður  
Þröstur Jóhannsson  
Guðrún Þorbjarnardóttir.

